



Stefna og skipulag fræðslumála

Skólasamfélagið

Yfirstjórn fræðslumála og ábyrgð

Dalvíkurbyggð leggur metnað í að skapa skólasamfélagi sínu góðar aðstæður í aðbúnaði og innra starfi. Skólastefna Dalvíkurbyggðar, lög og námskrár, leggja grunn að hugmyndafræði, inntaki og skipulagi fræðslustarfs. Fræðsluráð Dalvíkurbyggðar fer með fræðslumálefni sveitarfélagsins í umboði bæjarstjórnar.

Hlutverk fræðslusviðs Dalvíkurbyggðar er m.a. að vinna að fræðslumálum samkvæmt stefnumótun og starfa að verkefnum sínum í samvinnu við skólastjórnendur og fræðsluráð. Fræðslusvið fylgist með framkvæmd skólalálds, hefur yfirumsjón með áætlanagerð og almennt eftirlit með fræðslustarfi. Fagleg forysta á skólaþróun og ábyrgð á rekstri hvers skóla er í höndum skólastjóra og önnur stjórnun innan skólans er skilgreind í skólanámskrá. Fræðslusvið nær yfir málefni grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla, símenntunar og framhaldsskóla.

Ráðgjöf

Fræðslusvið skipuleggur lögbundna sérfræðiþjónustu en einnig veitir það öllum skólum faglega og rekstrarlega ráðgjöf ásamt aðstoð við úrlausn einstaklingsmála þegar þess er óskað. Markmið ráðgjafar er að gera skólastarf öflugra og starfsfólk sjálfstæðara við úrlausn viðfangsefna sem upp koma í daglegu starfi. Leitast er við að bjóða upp á margvísleg úrræði til að mæta sérþörfum nemenda. Fræðslusvið er í samstarfi við félagssvið Dalvíkurbyggðar og heilsugæslu um forvarnir og úrlausnir og eiga foreldrar kost á almennri ráðgjöf og stuðningi við uppeldi barna sinna. Lögð er áhersla á að starfsfólk fræðslusviðs hafi þá fagmenntun sem þarf til að sinna þeim verkefnum. Aðgang að ráðgjafaþjónustunni hafa nemendur, starfsfólk skólanna og foreldrar.

Endurmenntun, þróunarstarf og mat.

Hlutverk fræðslusviðs er að styðja og hvetja skólana til framsækings skólastarfs. Það gerir fræðslusvið með því að vera samstarfsaðili við gerð og framkvæmd á:

- **Endurmenntunaráætlun** sem tekur mið af markmiðum skólanna og þróunaráætlunum svo og símenntunarþörf einstakra starfsmanna.
- **Mati** svo sem sjálfsmati og úttekum í þágu áætlunargerðar til þróunar skólastarfs.
- **Þróunarstarfi** í samræmi við lög, skólastefnu og skólanámskrár.



Stefna og framtíðarsýn leikskóla Dalvíkurbyggðar

Úr lögum um leikskóla

Í lögum um leikskóla kemur fram að leiðarljós starfsins skuli vera velferð og hagar barna. Í leikskólanum skulu þau njóta umönnunar, menntunar, holls og hvetjandi uppeldisumhverfis auk öryggis við nám og leik.

Leikur og skapandi starf skulu vera kennsluhættir leikskólans.

Í leikskólanum skal ríkja umburðarlyndi, kærleikur, jafnrétti, lýðræðislegt samstarf, ábyrgð, umhyggja, sáttfýsi og virðing.

Meginmarkið uppeldis og kennslu í leikskóla skal vera:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar.
- að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra.
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífellldri þróun.
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Sbr. Lög um leikskóla nr.90/2008

Um leikskólana í Dalvíkurbyggð

Í Dalvíkurbyggð eru starfræktir 3 leikskólar, Kátakot, Krílakot og Leikbær. Kátakot er við Hólaveg á Dalvík, starfsemi hans miðast við 4ra og 5 ára börn og stjórnun leikskólans heyrir undir Grunnskóla Dalvíkurbyggðar. Krílakot er við Karlsrauðatorg á Dalvík, skólinn er yngri barna leikskóli með aldursbreiddina 9 mánaða til 3ja ára. Leikbær er staðsettur í Árskógi, í skólanum eru börn á aldrinum 9 mánaða til 5 ára auk barna á grunnskólaaldri sem sækja skólavistun eftir hádegi.



Innra starf leikskóla

Leikurinn er hornsteinninn í öllu starfi leikskólans og mikilvægasta náms- og þroskaleið barnsins. Mikilvægt er að öll börn í leikskólanum fái tækifæri til að vera virk í leik með öðrum börnum. Í leik skal barni gefast kostur á að sýna frumkvæði, nota ímyndunaraflíð og efla félagsleg tengsl. Huga skal sérstaklega að leiknum í hverskyns örvun og færniþjálfun.

Sköpun skal vera leiðarljós í starfi leikskóla og starfsfólk skal sjá til þess að börnin fái örvandi og krefjandi viðfangsefni við hæfi.

Í leikskólunum skal leggja áherslu á að sýna börnum mikla hlýju, virðingu og umhyggju. Starfsfólk skal sjá til þess að þörfum barna sé mætt eins og kostur er.

Sérhver leikskóli sveitarfélagsins skal móta sér sína sérstöðu í samræmi við aldur barna sem þar dvelja og hugmyndafræði sem kemur fram í skólanámskrá hvers skóla. Samt sem áður skulu leikskólar sveitarfélagsins hafa ákveðna sameiginlega þætti til hliðsjónar í starfi sínu og eru eftirtaldir:

Umhverfismennt og útivera

Leikskólar sveitarfélagsins skulu í starfi sínu leggja áherslu á daglega útiveru og umhverfismennt auk þess að stuðla um leið að heilbrigðum lífsháttum og hreyfingu. Börnin þurfa að hafa tækifæri til að vera í beinum tengslum við samfélagið og menninguna. Leggja skal áherslu á að bera virðingu fyrir náttúrunni, umgangast hana af ábyrgð og að þekkja nærumhverfi sitt. Lögð skal áhersla á sjálfbæra og hnattræna hugsun.

Leikskólar sveitarfélagsins eiga vera Grænfánaskólar.

Læsi

Leggja skal áherslu á læsi í leikskólunum en læsi getur haft tvíþætta merkingu. Annars vegar læsi tengt málörvun og lestri. Hins vegar læsi í víðara samhengi svo sem tilfinningalæsi, umhverfislæsi og menningarlæsi.

Markviss málþroskaörvun allra leikskólabarna skal eiga sér stað frá upphafi leikskólagöngu og fléttast inn í öll námssvið leikskólans á skipulagðan hátt. Bækur skulu vera áberandi í starfi leikskólanna og nálgunin á þeim örvandi fyrir málþroska og orðaforða. Einnig skal nýta tónlist og söng í þeim tilgangi. Sinna skal málskilningi, hljóð- og ritmálsvitund, bókstafaþekkingu og orðaforða.



Þroskahvetjandi starf

Huga skal sérstaklega að því að starfið í leikskólunum ýti undir aukinn þroska barna og þess gætt að hvert barn fái örvun við hæfi. Vinna skal samkvæmt *Stefnu leikskóla Dalvíkurbyggðar í að mæta sértækum þörfum barna*¹ þegar barn sýnir frávik í þroska eða hefur þörf fyrir sérþjónustu vegna annarra þátta, svo sem aðstæðna. Markvisst starf skal eiga sér stað miðað við fullan vistunartíma, þ.e. frá 8-16.

Í frjálsum leik er hlutverk starfsfólks að fylgjast með leiknum, bregðast við þegar þörf er á og stuðla um leið að virkni allra barna.

Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi

Styðja skal börn til þess að taka ábyrgð á eigin hegðun og fá tækifæri til að þjálfast í lýðræðislegum vinnubrögðum. Umræður skulu fara fram um mannréttindi, jafnrétti og siðferði, hjá börnum jafnt sem starfsfólki og þessir þættir endurspeglast í öllu starfi leikskólans.

Uppeldi til ábyrgðar eða *Uppbygging* er sameiginleg stefna sveitarfélagsins fyrir allt skólasamfélagið og aðra sem koma að vinnu með börnum svo sem starfsfólk íþróttamiðstöðvar og félagsmiðstöðvar. Stefnan er hegðunarmótandi kerfi sem gengur út á jákvæð samskipti og að allir komi fram við hvern annan af virðingu og taki ábyrgð á eigin gjörðum. Mismunandi nálgun er á stefnunni eftir aldursamsetningu barna sem í leikskólunum dvelja. Þó er það haft að leiðarljósi að leggja sérstaka áherslu á jákvæð samskipti meðal starfsfólks og á milli starfsfólks og barna.

¹ Sjá stefnu á vef sveitarfélagsins <http://www.dalvik.is/resources/Files/PDF/Leikskoli.serkennslustefna.pdf>



Ytra starf leikskóla

Aðbúnaður og umhverfi

Í aðbúnaði og umhverfi leikskólanna skulu velferð og þarfir allra barna og starfsfólks höfð að leiðarljósi. Umhverfi leikskóla þarf að vera aðlaðandi, hvetjandi til leiks, náms og þroska. Það skal jafnframt stuðla að vellíðan og heilbrigðu lífni. Nauðsynlegt er að umhverfið uppfylli öryggisskilyrði, jafnt innandyra sem utan.

- Markvisst skal unnið að uppbyggingu og viðhaldi, bæði á húsnæði og lóð leikskóla. Leita skal aðstoðar fagfólks við hönnun og breytingar á leikskóla og útisvæði, slík vinna skal unnin í samráði við starfsfólk leikskóla.
- Leik- og starfsaðstaða barna og starfsfólks skal vera vel tækjum búin.
- Umhverfi leikskóla skal vera í samræmi við aldur og þroska þeirra barna sem þar dvelja. Gæta skal sérstaklega að hljóðvist.
- Öryggisreglur eiga að vera til í hverjum leikskóla varðandi starf utan og innan lóðar og innan veggja skólanna.
- Hvers konar viðbragðsáætlanir skulu vera til í hverjum leikskóla er varða öryggi og áföll er kunna að dynja á leikskólanum. Þar má nefna, rýmingaráætlun í eldssvoða, viðbrögð við slysum og áfallaáætlun.
- Gæta skal sérstaklega að vinnuaðbúnaði starfsfólks þannig að líkamlegt álag verði sem minnst. Einnig skal huga að starfsumhverfi utan deilda og þess gætt að það sé heilnæmt, aðlaðandi og hvetjandi.

Starfsfólk

Gott starfsfólk er lykillinn að góðum leikskóla. Leikskólarnir skulu leitast við að laða að hæft og áhugasamt starfsfólk sem leggur metnað í starf sitt. Stuðla skal að því að leikskólarnir vaxi og fylgi kröfum nútímasamfélags. Til þess þarf starfsfólkið að hafa tækifæri til að eflast í starfi og auka víðsýni sína.

- Virkja skal hæfileika alls þess starfsfólks sem í leikskólanum starfar hverju sinni. Leikskólastjóri skal dreifa ábyrgð eftir hæfni hvers og eins.
- Allt starfsfólk skal fá hvatningu og tækifæri til að viðhalda og auka faglega hæfni sína. Ýta skal undir endurmenntun starfsfólks með fræðslu og námskeiðshaldi.
- Mikilvægt er að starfsfólk búi við góða vinnuaðstöðu og fjölskylduvæna starfsmannastefnu í samræmi við *Starfsmannastefnu Dalvíkurbyggðar*².
- Leggja skal áherslu á góðan starfsanda innan leikskólanna þar sem samvinna og stuðningur eru höfð að leiðarljósi. Efla skal samkennd og starfsgleði með margvíslegum hætti.

² Sjá stefnu á vef sveitarfélagsins: <http://www.dalvik.is/Stjornsysla/Fjarmala--og-stjornsyslusvid/Starfsmannastefna-Dalvikurbyggdar/>



Heimili og skóli - fjölskyldumiðuð þjónusta

Leikskólaranir skulu leggja ríka áherslu á gott samstarf við foreldra³ og heimilin. Í starfinu skal lagt upp með gagnkvæmt traust og virðingu þar sem báðir aðilar sýna samábyrgð á lífi og þroska barnsins. Lögð skal áhersla á snemmtæka og fjölskyldumiðaða þjónustu sbr. stefnu leikskóla Dalvíkurbyggðar í að mæta sértækum þörfum barna. Gagnkvæm upplýsingamiðlun og samráð skal vera milli heimilis og leikskóla enda forsenda góðs samstarfs og aukins árangurs við eflingu alhliða þroska og vellíðan barnanna.

- Leikskólarnir skulu ætíð opnir foreldrum en þess utan skulu leikskólarnir bjóða foreldrum og fjölskyldum barna á sérstaka viðburði í starfi skólanna.
- Foreldrafélag skal vera til staðar í hverjum leikskóla og foreldraráð skal starfa skv. lögum um leikskóla.
- Foreldrahandbók skal vera aðgengileg á heimasíðu leikskóla.
- Skipulögð foreldraviðtöl og foreldrafundir skulu fara fram reglulega yfir skólaárið.
- Leggja skal metnað í að halda heimsíðu leikskólanna lifandi, uppfæra hana reglulega og vanda til þeirra upplýsinga sem þar fara inn.
- Nota skal upplýsingakerfið *Mentor* í rafrænum foreldrasamskiptum.
- Leitast skal við að upplýsa sem best foreldra af erlendum uppruna um allt það starf sem fram fer í leikskólanum og vera vakandi fyrir hefðum þeirra og ólíkri menningu. Gæta skal sérstaklega að upplýsingaflæði til þessa hóps á foreldrafundum og í foreldraviðtölum.
- Óskað skal eftir sjónarmiðum foreldra varðandi starf leikskólans og þeim gert kleift að hafa áhrif á starfið í samstarfi við starfsfólk og börn.
- Leggja skal áherslu á gott samstarf við foreldraráð og virka þáttöku þess.

Samstarf skóla

Mikilvægt er að samstarf sé á milli skóla sveitarfélagsins til að stuðla að samfellu í uppeldi og menntun barnsins. Samvinna á mótum skólastiga er sérstaklega mikilvæg.

- Skóladagatöl sveitarfélagsins skulu samstillt eins og unnt er.
- Huga skal að samnýtingu milli skóla þegar verið er að fá þjónustu á þeirra vegum, hvort sem um er að ræða fræðslu, námskeið eða sérfræðiþjónustu.
- Áhersla skal lögð á samvinnu og blöndun í starfi skólanna þegar við á.
- Gott samstarf og samráð skal vera á milli skólastjórnenda sveitarfélagsins.

³ Þegar fjallað er um foreldra er átt við foreldra og forráðamenn barna



Mat

Mat á og í starfi leikskóla er mikilvægur liður í tengslum við upplýsingagjöf, úrbætur, þróun og eflingu leikskólastarfsins í heild.

- Reglulegar, formlegar og fjölbreyttar athuganir skulu gerðar af starfsfólki leikskóla á almennum þroska barnanna.
- Viðeigandi mat skal fara fram í samráði við foreldra þegar börn sýna frávík í þroska eða hegðun. Slíkt mat getur farið fram í leikskólum eða í gegnum fræðsluskrifstofu sbr. *Stefnu leikskóla Dalvíkurbyggðar í að mæta sértækum þörfum barna.*
- Foreldrakannanir skulu lagðar fyrir reglulega á vegum leikskólastjóra í samstarfi við fræðslusvið.
- Starfsmannakannanir skulu lagðar fyrir reglulega á vegum fræðslusviðs í samstarfi við leikskólastjóra.
- Allir starfmenn leikskóla skulu fara í starfsþróunarsamtal árlega.
- Leikskólarnir skulu nýta tækifæri til úttektar og mats sem í boði er á vegum hins opinbera.
- Hver leikskóli skal eiga virka sjálfmatsáætlun og birta niðurstöður hennar reglulega á síðu sinni.
- Hver leikskóli skal gera starfsáætlun/ársskýrslu sem skal birt í ágúst ár hvert.